

Samkomulag um Menntamiðju

Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Kennarasamband Íslands, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn í Reykjavík, Listaháskóli Íslands, Menntamálastofnun og Samband íslenskra sveitarfélaga gera með sér samkomulag um áframhaldandi rekstur Menntamiðju, samráðsvettvangs um skólastarf og starfsþróun fagstétta í menntakerfinu, frá 1. febrúar 2021 – 31. janúar 2024.

Markmið

Markmið Menntamiðju er að vera gátt að starfsþróun kennara, stjórnenda og annars fagfólks í menntakerfinu. Á vefsvæði Menntamiðju verður miðlað óformlegri starfsþróun sem sprettur upp úr grasrót faghópa í menntakerfinu, sem og formlegri starfsþróun af hálfu eigenda Menntamiðju. Á Menntamiðju verður hægt að nálgast upplýsingar um styrki og sjóði sem standa til boða. Af Menntamiðju verður einnig miðlað viðburðum og rannsóknum sem eiga erindi við menntakerfið og hagsmunaaðila þess. Menntamiðja verður vettvangur fyrir samstarf aðila menntakerfisins um þróunarstarf og nýsköpun. Ritstjórn Menntamiðju tekur afstöðu til efnis sem miðlað er á Menntamiðju og mótar verklag þar um.

Stýrihópur og samráð

Samstarfsstofnanir skipa hver um sig einn fulltrúa í stýrihóp sem fundar árlega. Verkefnastjóri boðar til og undirbýr fundi og leggur fram starfsáætlanir verkefnis. Stýrihópur yfirfer starfsáætlun, leggur til úrbætur og tekur þátt í að forgangsraða verkefnum og metur árangur samkomulagsins árlega.

Faglegt framlag samstarfsaðila og ritstjórn

Samstarfsaðilar skipa ritstjórn vefs sem hittist mánaðarlega og vinnur með verkefnastjóra Menntamiðju að hugmyndavinnu, efnisöflun, yfirllestri, miðlun, stafrænni þróun, hönnun o.fl. Ritstjórn og varamenn verði skipaðir til árs í senn og bera samstarfsaðilar ábyrgð á skipun sinna fulltrúa. Ritstjórn skiptir með sér verkum.

Rekstur

Menntamiðja verður hýst af Menntavísindastofnun Háskóla Íslands sem ber ábyrgð á fjármálum og rekstri verkefnis. Bókhald er í höndum miðlægrar stjórnsýslu Menntavísindastofnunar Háskóla Íslands sem tryggir að fjárhagsáætlun sé unnin og gerð aðgengileg samstarfsaðilum. Verkefnisstjóri heldur utan um verkefnið og hefur vinnuáðstöðu hjá Menntavísindastofnun Háskóla Íslands.

M
RBP
H
AB
K
A

Mennta- og menningarmálaráðuneyti leggur til kr. 4.000.000. árlega í þrjú ár, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Kennarasamband Íslands, skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar og Samband íslenskra sveitarfélaga leggja hver um sig, kr. 1.000.000.- á ári í þrjú ár til verkefnisins og Háskólinn á Akureyri kr. 500.000.- árlega í þrjú ár, sbr. nánari skiptingu kostnaðar og vinnuframlags samkvæmt fylgiskjali 1.

Verði um vanefndir að ræða á skyldum eins eða fleiri samstarfsaðila skv. samkomulagi þessu er samstarfsaðilum heimilt að rifta samkomulaginu, þ.m.t. afturkalla styrktarloforð og/eða krefjast endurgreiðslu. Áður en til riftunar kemur skulu samstarfsaðilar þó hafa skorað á viðkomandi samstarfsaðila að bæta úr vanefndinni innan hæfilegs frests.

Rísi ágreiningsmál út af efni og/eða túlkun samkomulags þessa skal það rekið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

Gildistími

Samkomulag þetta gildir í 3 ár.

Reykjavík 4. mars 2021



Mennta- og
menningarmálaráðherra



Sjómarráð Íslands
Mennta- og
menningarmálaráðuneytið



F.h. Menntamálastofnunar



F.h. Skóla- og frístundasviðs
Reykjavíkurborgar



Reykjavíkurborg



F.h. Háskólans á Akureyri



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri




F.h. Menntavísindasviðs
Háskóla Íslands



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ



F.h. Kennarasambands
Íslands



F.h. Sambands íslenskra
sveitarfélaga



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



F.h. Háskólans í Reykjavík



F.h. Listaháskóla
Íslands



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts

Fylgiskjal 1 með samkomulagi um Menntamiðju

Kostnaður og fjármögnun verkefnis til næstu þriggja ára

Árið 2021:

Útgjöld:	Tekjur:
Uppsetning nýrrar heimasíðu 1.900.000	Mennta- og menningarmálaráðuneyti 4.000.000
Laun verkefnastjóra 75% 8.250.000	Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar 1.000.000
Aðstaða, búnaður og hýsing 2.000.000	Samband íslenskra sveitarfélaga 1.000.000
Samtals: 12.150.000	Kennarasamband Íslands 1.000.000
	Menntavísindasvið Háskóla Íslands 1.000.000
	Háskólinn á Akureyri 500.000
	Samtals: 8.500.000
	Fjármunir frá eigendum frá 2020 5.000.000
	Samtals: 13.500.000
	Rekstrarafgangur færður yfir á næsta ár + 1.350

Árið 2022:

Útgjöld:	Tekjur:
Laun verkefnastjóra 75% 8.250.000	Mennta- og menningarmálaráðuneyti 4.000.000
Aðstaða, búnaður og hýsing 2.000.000	Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar 1.000.000
Samtals: 10.250.000	Samband íslenskra sveitarfélaga 1.000.000
	Kennarasamband Íslands 1.000.000
	Menntavísindasvið Háskóla Íslands 1.000.000
	Háskólinn á Akureyri 500.000

M
RBP
KJ
Hes
WTA
TAS
A
niz

	Samtals: 8.500.000 Fært yfir frá fyrra árum 1.350.000 Samtals: 9.850.000 Rekstrarhalli færður yfir á næsta ár -400 þúsund
--	---

Árið 2023:

Útgjöld: Laun verkefnastjóra 50% 5.665.000 Aðstaða, búnaður og hýsing 2.000.000 Samtals: 7.665.000 Kostnaður færður frá fyrra ári 400.000 Samtals: 8.065.000	Tekjur: Mennta- og menningarmálaráðuneyti 4.000.000 Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar 1.000.000 Samband íslenskra sveitarfélaga 1.000.000 Kennarasamband Íslands 1.000.000 Menntavísindasvið Háskóla Íslands 1.000.000 Háskólinn á Akureyri 500.000 Samtals: 8.500.000
---	---

Stofnanir sem eiga hlutdeild í Menntamiðju koma að verkefninu með ólíkum hætti, greiða ýmist beint fjárframlag eða vinnuframlag, sem hér segir:

Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Árlegt framlag 4.000.000 kr. auk þess að eiga fulltrúa í stýrihópi sem hittist árlega og tengilið við ritstjórn sem hittist mánaðarlega. Ekki er gert ráð fyrir sérstöku vinnuframlagi tengiliðar. Af hálfu ráðuneytisins er samkomulag þetta gert með fyrirvara um fjárveitingar frá Alþingi.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Árlegt framlag að 1.000.000 kr. auk þess sem SFS skuldbindur sig til að:

- Skipa fulltrúa í stýrihóp sem fundar árlega.
- Skipa fulltrúa í ritstjórn Menntamiðju, sem fundar að jafnaði mánaðarlega.
- Framlag fulltrúans felst í hugmyndavinnu, rýni og efnisöflun, eftir aðstæðum.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including names like 'M', 'Rafn', 'LVA', 'AM', 'SFS', 'Kv. Hús'.

- Fulltrúinn tryggir jafnframt að á vefsvæði Menntamiðju séu allar upplýsingar um stofnun viðkomandi réttar og uppfærðar reglulega.

Upplýsingarnar sem um ræðir tengjast formlegri og óformlegri starfsþróun, viðburðum, miðlun rannsókna og öðru því sem fellur undir markmið miðlunar á Menntamiðju. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar SFS eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samkomulagsins.

Samband íslenskra sveitarfélaga

Árlegt framlag að 1.000.000 kr. auk þess sem Samband íslenskra sveitarfélaga skuldbindur sig til að:

- Skipa fulltrúa í stýrihóp sem fundar árlega.
- Skipa fulltrúa í ritstjórn Menntamiðju, sem fundar að jafnaði mánaðarlega.
- Framlag fulltrúans er til hugmyndavinnu, rýni og efnisöflun, eftir aðstæðum.
- Fulltrúinn tryggir jafnframt að á vefsvæði Menntamiðju séu allar upplýsingar um stofnun viðkomandi réttar og uppfærðar reglulega.

Upplýsingarnar sem um ræðir tengjast formlegri og óformlegri starfsþróun, viðburðum, miðlun rannsókna og öðru því sem fellur undir markmið miðlunar á Menntamiðju.

Kennarasamband Íslands

Árlegt framlag að 1.000.000 kr. auk þess sem Kennarasamband Íslands skuldbindur sig til að:

- Skipa fulltrúa í stýrihóp sem fundar árlega.
- Skipa fulltrúa í ritstjórn Menntamiðju, sem fundar að jafnaði mánaðarlega.
- Framlag fulltrúans felst í hugmyndavinnu, rýni og efnisöflun, eftir aðstæðum.
- Fulltrúinn tryggir jafnframt að á vefsvæði Menntamiðju séu allar upplýsingar um stofnun viðkomandi réttar og uppfærðar reglulega.

Upplýsingarnar sem um ræðir tengjast formlegri og óformlegri starfsþróun, viðburðum, miðlun rannsókna og öðru því sem fellur undir markmið miðlunar á Menntamiðju.

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Árlegt framlag að 1.000.000 kr. auk þess sem MVS skuldbindur sig til að:

- Útvega aðstöðu og búnað fyrir verkefnastjóra Menntamiðju.
- Skipa fulltrúa í stýrihóp sem fundar árlega.
- Skipa fulltrúa í ritstjórn Menntamiðju, sem fundar að jafnaði mánaðarlega.
- Framlag fulltrúans er til hugmyndavinnu, rýni og efnisöflun, eftir aðstæðum.
- Fulltrúinn tryggir jafnframt að á vefsvæði Menntamiðju séu allar upplýsingar um stofnun viðkomandi réttar og uppfærðar reglulega.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including names like 'R. Þor', 'JAN', 'Ker', 'Hú', 'mz', and 'A'.

Upplýsingarnar sem um ræðir tengjast formlegri og óformlegri starfsþróun, viðburðum, miðlun rannsókna og öðru því sem fellur undir markmið miðlunar á Menntamiðju.

Háskólinn á Akureyri

Árlegt framlag er 500.000 kr. auk þess sem HA skuldbindur sig til að:

- Skipa fulltrúa í stýrihóp sem fundar árlega.
- Skipa fulltrúa í ritstjórn Menntamiðju, sem fundar að jafnaði mánaðarlega.
- Framlag fulltrúans er til hugmyndavinnu, rýni og efnisöflun, eftir aðstæðum.
- Fulltrúinn tryggi jafnframt að á vefsvæði Menntamiðju séu allar upplýsingar um stofnun viðkomandi réttar og uppfærðar reglulega.

Menntamálastofnun

Skuldbindur sig til að:

- Skipa fulltrúa í stýrihóp sem fundar árlega.
- Skipa fulltrúa í ritstjórn Menntamiðju, sem fundar að jafnaði mánaðarlega.
- Veita ráðgjöf og vinna stök verkefni er tengjast forritun og stafrænni miðlun á Menntamiðju. Framlag nemi allt að 7% af ársstarfi með fyrirvara um fjárveitingar til stofnunarinnar. Vinnuframlag verður skilgreint sérstaklega fyrir hvert ár.

Listaháskóli Íslands

Skuldbindur sig til að:

- Skipa fulltrúa í stýrihóp sem fundar árlega.
- Skipa fulltrúa í ritstjórn Menntamiðju, sem fundar að jafnaði mánaðarlega.
- Vinna með ritstjórn að hönnun, litavali og hönnun á lógó Menntamiðju. Framlag nemi allt að 3% af ársstarfi. Vinnuframlag verður skilgreint sérstaklega fyrir hvert ár.

Háskólinn í Reykjavík

Skuldbindur sig til að:

- Skipa fulltrúa í stýrihóp sem fundar árlega.
- Skipa fulltrúa í ritstjórn Menntamiðju, sem fundar að jafnaði mánaðarlega.
- Fulltrúi HR taki að sér stök verkefni eftir aðstæðum, t.d. yfirlestur eða miðlun rannsókna. Vinnuframlag verður skilgreint sérstaklega fyrir hvert ár.

Handwritten signatures in blue ink, including names like 'K. T. T.', 'A. S.', and 'T. A. S.'.